

# Plastlaus september

Ársskýrsla 2018



## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Framkvæmdarhópur 2018 .....	2
Heimasíða Plastlaus septembers.....	3
Viðburðir .....	3
1.09.2018 Opnunarhátíð.....	3
Loftslagsganga.....	4
Alheimshreinsunardagur .....	4
Viðburður á Bókasafni Kópavogs.....	5
Pokastöðvarviðburður .....	5
Samfélagsmiðlar .....	6
Facebook.....	6
Snapchat .....	6
Instagram.....	6
Fræðsla.....	7
Hvert verður framhaldið 2019 með fræðsluna? .....	8
Auglýsingar og umfjallanir.....	9
Gerð auglýsinga.....	9
Hvar voru auglýsingar birtar í september? .....	9
Ghostlamp.....	10
Umfjallanir .....	10
Lokaorð .....	11
Viðauki 1 – Fjölmiðlaumfjöllun .....	12
Viðauki 2 – Fyrirtæki sem tóku þátt í Plastlausum september.....	14
Viðauki 3 – Dagskrá snapchat.....	15

## Inngangur

Farið var aftur af stað með árveknisátakið Plastlaus september árið 2018, þar sem mikil meðbyr myndaðist árið 2017. Kosið var í stjórn í janúar 2018 og byrjuðu reglulegir fundir frá maí 2018 til að skipuleggja Plastlausan september. Varð úr að halda uppi öflugum samfélagsmiðlum í september, heimsækja skóla með fræðslu, halda veglega opnunarhátíð og ná til almennings með auglýsingum. Markmiðið með Plastlausum september var að vekja athygli á mengun plasts og hvetja almenning til að draga úr plastnotkun og almennri neyslu. Stefna Plastlaus septembers var að fjalla um þennan málaflokk á jákvæðum nótum og vera hvetjandi og styðjandi við almenning með því að koma með lausnir hvað kæmi í staðinn fyrir plastið.

Tekin var ákvörðun að um að það ætti að takmarka neikvæðar fréttir og aldrei skamma eða skrifa neikvætt þegar fyrirtæki eða almenningur væru að nýta sér plast. Reynt var að hrósa þegar skref í átt að minna plastleysi væru tekin. Vildum við að almenningur upplifði Plastlausan september sem jákvætt átak og allir gætu lagt sitt að mörkum. Þannig allt efni sem Plastlaus september sendi frá sér var jákvæðni höfð að leiðarljósi. Var það von okkar að veita fólki innblástur og hvetja fólk til að gera einhverja breytingu í sínum neysluvenjum. Því það er okkar trú að hvert skref í minni neyslu og plastnotkun skipti máli og er eitt af lykilatriðum til að minnka mengun í heiminum.

## Framkvæmdarhópur 2018

Þær sem tóku þátt í framkvæmdinni aftur í ár og sitja í stjórn eru: Jóhanna Gísladóttir (formaður) doktorsnemi í umhverfisfræðum, Elsa Þórey Eysteinsdóttir (ritari) líffræðingur, Kristín Inga Arnardóttir (gjaldkeri) viðskiptafræðingur, Salbjörg Rita Jónsdóttir hönnuður, Hildur Hreinsdóttir sjálfbærnifræðingur, Helga Bára Bartels jarðfræðingur og Dóra Magnúsdóttir landfræðingur. Vorið 2018 var auglýst á facebook eftir áhugasömum til að taka þátt í að skipuleggja átakið. Kolbrún Guðríður Haraldsdóttir, kennari og Heiður Magný Herbertsdóttir, mannfræðingur og MS í stjórnun og stefnumótun bættust við. Auglýst var aftur í ágúst eftir fleiri hjálparhellum og bættust þá Guðný Kristín Bjarnadóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur, Helga Hauksdóttir, lögfræðingur, Rakel Rán Sigurbjörnsdóttir, fjölskylduþerapisti og Þórdís V. Þórhallsdóttir, kennari og viðskiptafræðingur.

## Heimasíða Plastlaus septembers

Árið 2017 var mikil vinna sett í að búa til heimasíðu Plastlaus septembers ([www.plastlausseptember.is](http://www.plastlausseptember.is)). Heimasíðan er áfram mikilvægur vettvangur til að geyma upplýsingar og benda á lausnir hvað er hægt að nota í staðinn fyrir plastið. En vefurinn er hugsaður sem staður þar sem fólk getur kynnt sér átakið og sótt upplýsingar um sín fyrstu skref í átt að minni plastnotkun. Þar sem nánast allar upplýsingarnar sem fóru inn á vefinn árið 2017 voru enn viðeigandi í ár var ákveðið að gera ekki miklar breytingar. Vefurinn var uppfærður með upplýsingum um opnunarhátíðina, styrktaraðila árið 2018 og nöfnum á þeim einstaklingum sem bættust í framkvæmdarhópinn. Einnig var bent á vefinn sem stað þar sem fólk gat sótt sér frekari upplýsingar.

## Viðburðir

### 1.09.2018 Opnunarhátíð

Þann 1. september 2018 var árvekníatákið Plastlaus september sett með opnunarhátíð í Ráðhúsi Reykjavíkur frá kl. 12-16. Í salnum var markaður með plastlausar vörur auk kynningarbásar þar sem hægt var að fá hugmyndir og fræðast. Umhverfisráðherra setti átakið og sendiherra ESB á Íslandi sagði frá stefnu sambandsins í plastmálum. Hulda Steingrímsdóttir verkefnastjóri umhverfismála hjá Landspítala Háskólasjúkrahús miðla að reynslu sinni í umhverfismálum inn á sjúkrahúsinu. Helena Óladóttir sem starfar hjá Farfuglum sagði frá því hvaða skref þau hefði tekið til að minnka plastnotkun. Einnig flutti Gró Einarsdóttir, félags- og umhverfissálfræðingur erindi um stóra ljóta loftslagsúlfinn og hvatti fólk að horfa á umhverfismál með jákvæðni að leiðarljósi.

Var það von framkvæmdarhópsins að þetta yrði kjörið tækifæri fyrir almenning til að kynna sér fyrstu skrefin í minni plastnotkun og flokkun. Einnig gætu þeir sem eru byrjaðir að minnka plastnotkun fengið hugmyndir að næstu skrefum. Aðgangur var ókeypis og var gríðarlega góð mæting. Þau fyrirtæki sem voru með sölubása af umhverfisvænum vörum voru eftirfarandi: Bambus, Mena, Mistur, Græn viska, Klaran, Hrísla, Matarbúr Kaju, Handverk Huldu Bjargar, Styngvi og VON product. Þau fyrirtæki/stofnanir sem voru með fræðslubása voru: Landvernd, Leikskólinn Fífaborg, Plastlaus september, Pokastöðvar á Íslandi, Sendinefnd ESB á Íslandi, Sorpa og Umhverfisstofnun. Var þetta langstærsti viðburður Plastlaus september árið 2018 og taldi framkvæmdarhópurinn að vel hefði tiltekist. Hugmyndir eru uppi um að gera opnunarhátíðina að árlegum viðburði.

## Loftslagsganga

Þann 8. september var Loftslagsganga í Reykjavík haldin. Gengið var frá Hallgrímskirkju og niður á Lækjartorg þar sem var haldin kröfufundur. Krafan er að gripið verði til árangursríkra aðgerða til að sporna við losun gróðurhúsalofttegunda. Plastlaus september tók þátt í samstarfinu með því að kynna og auglýsa loftslagsgönguna en kom lítið að undirbúningi og framkvæmd göngunnar. Plastlaus september aðstoðaði einnig með ljósmyndasamkeppnina #betraloftslag sem var haldin í tilefni loftslagsgöngunar. Að henni stóðu einnig Samtök um bíllausan lífstíl, Vegan samtökin og Samtök grænmetisæta. Var fólk hvatt til að taka mynd af einhverju sem vakti í því baráttuhug gagnvart loftslagsbreytingum og/eða sínu framlagi til lausn vandans. Ljósmyndakeppninn tókst ágætlega og yfir 100 myndir söfnuðust. Veglegir umhverfisvænir vinningar voru í boði fyrir 1.-3. sæti og valdi dómnefnd vinningsmyndirnar. Dómnefndin var skipuð Auði Önnu Magnúsdóttur formanni Landverndar, Ísoldu Uggadóttur kvikmyndargerðarkonu og Spessa Hallbjörnssyni ljósmyndara. Einnig var valin ein mynd sem var plastlaus og fékk hún einnig verðlaun.

## Alheimshreinsunardagur

Alheimshreinsunardagurinn (e. World Clean Up Day) fór fram 15. september síðastliðinn. Þetta er átak sem á sér stað út um allan heim þar sem fólk er hvatt til að fara út í sitt nærumhverfi til að tína upp rusl. Fólk hafði val um að taka þátt í einhverri skipulagðri hreinsun, skipuleggja sína eigin hreinsun eða fara þegar því hentaði og tína rusl í sínu nærumhverfi. Einhver sveitarfélög á Íslandi tóku þátt í átakinu með því að sækja rusl á fyrirfram ákveðnum stöðum. Á Íslandi stóðu eftirfarandi samtök á bak við deginum: Landvernd, JCI samtökin, Plokkarar á Íslandi, Blái herinn og Plastlaus september. Samkvæmt fréttatilkynningu frá World Clean Up Day þá tóku 17 milljónar manna þátt í yfir 158 löndum. Á Íslandi voru skipulagðar hreinsanir víða um landi bæði af félagasamtökum og einstaklingum. Markmið með deginum var að hreinsa jörðina og vekja athygli á ruslinu í náttúrunni sem er vandamál sem verður að leysa með því að minnka með sorp sem kemur frá mannum. Blái herinn skipulagði stóra fjöruhreinsun í Selvogi og mætu meðal annars Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra. Plastlaus september tók þátt með því að auglýsa viðburðinn og með því að sitja fundi við skipulagningu á deginum. Áhugi er fyrir því að gera betur á næsta ári með því að skipuleggja sérstaka hreinsun á vegum Plastlauss septembers.

## Viðburður á Bókasafni Kópavogs

Náttúrustofa Kópavogs bauð Plastlausum september til að sjá um fjölskyldustund sem haldin var 15. september milli kl. 13 - 14. Fyrir hönd Plastlaus septembers sáu Hildur Hreinsdóttir og Helga Hauksdóttir um fræðsluna. Tilgangur verkefnisins var að vekja fólk til umhugsunar um plastnotkun og þann plastúrgang sem fellur til dagsdaglega og leita leiða til að minnka plastnotkun. Hildur og Helga voru með fjölskylduvæna fræðslu um plast, plastmengun og endurvinnslu auk kennslu á ýmsum sniðugum aðferðum við að minnka notkun á einnota plasti.

## Pokastöðvarviðburður

Laugardaginn 29. september kl. 14 -16 stóðu Pokastöðvar á Íslandi og Plastlaus september fyrir lokaviðburði Plastlauss septembers þetta árið. Þá hittust pokastöðvar á nokkrum stöðum um landið og saumuðu margnota poka. Áhugasamir gátu þá kynnt sér verkefnið. Pokastöðin hófst sumarið 2016 á Höfn í Hornafirði og er hluti af alþjóðlega verkefninu „Boomerang Bags“. Hugmyndin var að mynda hringrás taupoka í samfélaginu þannig að þegar maður fær í búðina og gleymdi taupokanum sínum þá gæti maður fengið lánaðan poka og skilað aftur í næstu ferð. Þegar bæjarbúar voru spurðir aðeins út í það í óformlegri könnun af hverju þau væru ekki með taupoka og svarið var yfirleitt það sama „ég gleymdi honum heima“ eða hreinlega “ég gleymdi honum út í bíl...”

Verkefnið snýst um að sjálfbóðaliðar hittast og sauma taupoka úr efni sem annars hefði verið ekki verið nýtt. Pokunum er síðan komið fyrir í verslunum í nágrenni við þann hóp sem er að sauma saman og þar geta viðskiptavinir fengið lánaðan taupoka og skilað aftur í körfuna við tækifæri. Víða um heim hefur verkefnið þróast úr „borrow and bring back“ í „borrow and reuse“ þar sem fólk virðist ekki alltaf skila pokunum aftur í körfuna, en þá er aðallega mikilvægt að pokinn sé í góðri notkun og komi í staðinn fyrir plastið. Markmiðið er að fólk hætti að nota plastpoka og eins að vekja fólk og fyrirtæki til umhugsunar (jafnvel þó að það noti ekki alltaf körfuna þá vekur verkefnið athygli og umhugsun þeirra sem sjá). Einnig hafa saumahittingarnir verið góður vettvangur fyrir umræður um umhverfismál og þátttakendur fræða og læra hver af öðrum.

Með þessu var von Plastlaus septembers að bráðum væru komnar pokastöðvar í hvert þorp eða bæ á Íslandi. Plastlaus september var með viðburði í Menningarhúsinu Spönginni í Grafarvogi. Þar var hægt að koma og kynna sér verkefnið, sjá hvernig pokarnir eru saumaðir og kynna sér plastlausar lausnir eins og bambustannbursta, stálrör og sjampósápustykki. Bókasafnið Reykjanesbæ var með viðburð og var Guðný Kristín Bjarnadóttir fulltrúi Plastlauss



septembers þar. Var þetta fyrsta pokastöðin á Suðurnesjum sem opnaði í Bókasafninu. Einnig var hist á Pokastöðinni Höfn í Hornafirði, Pokastöðin í Skagafirði og Í Árborg var Pokastöðvar með kynningu í Nettó og Krambúðinni. Í kjölfar af lokaviðburðinu birtist viðtal við Guðrúnu Sturlaugsdóttur forsprakka pokastöðva á Íslandi (sjá nánar í viðauka nr. 1).

## Samfélagsmiðlar

### Facebook

Facebook síða Plastlauss septembers er mjög virk. Í nóvember 2018 voru 5635 manns búnir að líka við síðuna. Á facebook síðunni var markmiðið að halda upp jákvæðni og hvetja fólk til að taka lítil skref í einu til að minnka hjá sér neyslu og plastnotkun. Á síðunni eru birt góð ráð hvernig er hægt að minnka plastnotkun, muna eftir fjölnotapokanum og hvað getur komið í staðinn þegar plastinu er skipt út. Einnig eru birtar fréttar sem eru birtar af íslenskum fjölmiðlum varðandi umhverfisvitund um plast. Reynt var að velja frekar jákvæðar fréttir en neikvæðar fréttir varðandi plast. Í september var markmiðið að nota mest myndir og myndbönd sem við gerðum sjálfar.

### Snapchat

Í september 2018 var snapchat reikningur Plastlauss september virkur daglega og hófst það þann 29. ágúst. Snapchat nýttist vel til að kynna viðburði á vegum Plastlauss septembers. Við fengum fjölbreyttan hóp fólks sem hefur áhuga á umhverfismálum til að taka einn dag og birta efni á miðlinum. Fólk hafði frjálstar hendur hvernig efni það birti en mikilvægt var að þetta væri á jákvæðu nótunum og annað hvort fræðsla eða að sýna frá lausnum hvernig hægt er að vera betri neytandi og nota minna plast. Fjölmarginir þjóðþekktir einstaklingar tóku þetta verkefni að sér endurgjaldslaust og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir. Í viðauka nr. 2. má sjá hvernig dögnum var skipt á milli einstaklinga. Þótti snapchatið hafa heppnast mjög vel, við fengum bæði hrós í gegnum facebook og í gegnum snapchat. Við teljum að góðar undirtektir megi rekja til þess að við fengum fjölbreyttan hóp fólks til að deila sinni reynslu og ráðum. Einnig sýnir það að fólk er móttækilegt og jákvætt fyrir fræðslu á þessum vettvangi sem er á jafningjagrundvelli.

### Instagram

Instagram reikningurinn birti nýja mynd á nær hverjum degi í september. Þar voru bæði sýndar lausnir og vakin athygli á umhverfismálum. Í nóvember 2018 var Plastlaus september

með 615 fylgjendur á Instagram. Hjálpaðist framkvæmdarhópurinn að við að halda Instagram reikningnum virkum í september. Einnig settum við stundum inn í „story“ tilkynningar um viðburði og sögðum frá góðum plastlausum ráðum, margt af því er vistað undir „highlights“.

## Fræðsla

Fræðslufyrirlestrar voru samtals átján í september. Sex konur frá Plastlausum september skiptu fyrirlestrunum á milli sín, en einn fyrirlestur var haldinn í samvinnu við Landvernd og sá starfsmaður þaðan um hann. Fjórtán skólar voru heimsóttir – þar af átta framhaldsskólar og sex grunnskólar. Heimsóknirnar voru dreifðar yfir einn mánuð, frá 29. ágúst – 27. september. Í grunnskólunum voru þrjú fyrirlestrar í 7. bekk, fjórir fyrirlestrar í 8. bekk og þrjú fyrirlestrar í 9. bekk.

### Heimsóttir voru:

- Valhúsaskóli, Seltjarnarnesi – 05.09.2018
- Garðaskóli, Garðabæ – 05.09.2018
- Hvaleyrarskóli, Hafnarfirði – 05.09.2018
- Garðaskóli, Garðabæ – 10.09.2018 (4 fyrirlestrar sama dag)
- Fossvogsskóli, Reykjavík – 12.09.2018
- Grundaskóli, Akranesi – 21.09.2018
- Breiðagerðisskóli, Reykjavík – 27.09.2018

Fyrirlestrar í framhaldsskólum voru samtals átta.

### Heimsóttir voru:

- Fjölbautarskólinn í Garðabæ – 29.08.2018
- Fjölbautaskólinn við Ármúla – 31.08.2018
- Flensborgarskólinn – 07.09.2018
- Fjölbautarskóli Suðurlands, Selfossi – 12.09.2018
- Menntaskólinn á Laugarvatni –
- Menntaskólinn í Kópavogi – 19.09.2018
- Framhaldsskóli Mosfellsbæjar – 21.09.2018
- Kvennaskólinn – 26.09.2018

Gróflega áætlað munu þetta hafa verið u.þ.b. 500 nemendur sem fengu fræðslu um plast, plastögnina í heiminum, uppruna og eiginleika plasts, plast í hafi, örplast og hvaða lausnir eru í boði til þess að draga úr úrgangi og magni plasts.

Fyrirlestrarefnið var sniðið að hvorum aldurshópi fyrir sig, það er einn fyrirlestur fyrir framhaldsskóla og annar fyrir grunnskólana. Við teljum að fræðsluefnið, sem að hluta til var



fengið að láni frá Landvernd en að hluta samið af Plastlausum september, hafi náð vel til hvors aldurshóps fyrir sig. Umræður áttu sér stað en voru ekki miklar, spurningar voru bornar fram af nemendum en þær voru fáar. Móttækilegustu hóparnir voru framhaldsskólahóparnir. Aðeins erfiðara var að eiga við grunnskólahópana þó að það hafi verið svolítið misjafnt eftir skólum. Í heildina gekk þetta vel og fór fram úr okkar björtustu vonum, bæði hvað varðar eftirspurnina eftir fræðslunni og hvað við teljum okkur hafa náð vel til nemendanna. Við erum sannfærðar um að fræðslan muni skila árangri og ef miðað er við að hægt sé að ná til 20% nemenda með fræðsluefninu, þannig að það sitji eftir eða skapi frekari áhuga, þá má segja að við höfum náð til 100 nemenda á þennan hátt. Það skapar enn frekari umræður heima við eða í skólastofum og þannig verður umræðan meiri og vitund fólks eykst. Fjórir skólar úti á landi báðu um fræðslu og heimsókn frá Plastlausum september en ekki var unnt að verða við þeirri beiðni þar sem meðlimir Plastlausum september eru í sjálfböðavinnu og í fullu starfi annars staðar sem ekki var hægt að fá frí úr til þess að sinna þessu af fullum krafti. Að auki kostar það töluvert að fljúga út á land til þess að halda fyrirlestra á Neskaupsstað, Höfn í Hornafirði og Vestmannaeyjum sem voru meðal þeirra staða sem óskuðu eftir heimsókn okkar. Fjórði staðurinn var Reykholt í Bláskógabyggð. Nokkrir skólar óskuðu eftir því að við tækjum fleiri hópa og fleiri árganga en að við myndum skipta því niður og mæta oftar. Það var ekki hægt að verða við þeim óskum því að annars hefði ekki verið hægt að sinna öllum þessum skólum sem óskuðu eftir fræðslu.

### Hvert verður framhaldið 2019 með fræðsluna?

Við teljum að eftirspurnin verði meiri á næsta ári og þá muni fleiri grunnskólar óska eftir fræðslu. Ef það yrði síðan skipt niður á árganga, eins og óskað var eftir í ár, þá gætu heimsóknir orðið 30-40 sem gera þá u.þ.b. tvær skólaheimsóknir á dag alla virka daga septembermánaðar. Það er því ljóst að fræðslan mun taka mun meiri tíma og krefjast meira fjárútláts en Plastlaus september ræður við. Það þyrfti að ráða manneskju í það starf að halda utanum fræðsluna og jafnvel sjá um flestar heimsóknirnar, en kannski með aðstoð sjálfböðaliða ef þyrfti. Við höfum einnig áhuga á að sinna skólum úti á landi, en þá þarf meira fjármagn til og þá er einnig nauðsynlegt að ein manneskja sinni þessu alfarið allan mánuðinn og fái greitt fyrir það. Komu upp vangaveltur í framkvæmdarhópnum hvort við ættum að taka að okkur fræðslu á vinnustöðum og þá sérstaklega vinnustöðum þar sem ungt fólk er í meirihluta. Þar sem unga fólk er framtíðin og er mögulega móttæklegri fyrir að gera breytingar í neysluvenju sínum.

## Auglýsingar og umfjallanir

### Gerð auglýsinga

Salbjörg Rita Jónsdóttir sem er í framkvæmdarhópi Plastlauss septembers er hönnuður og ljósmyndari og sá hún um framleiðslu alls kynningarefnis og auglýsinga. Hannaði hún allar auglýsingar og auglýsingar fyrir opunarhátíðina. Markmiðið var að nota sem mest eigið efni til að birta og lágmarka það að fá lánaðar ljósmyndir og myndbönd annars staðar frá. Hófst gerð við auglýsingar um mitt sumar. Voru framleidd þrjú myndbönd og voru margar ljósmyndir teknar til að sýna aðra valmöguleika en plast. Áður en gerð á efninu gat hafist þurfti að kasta fram hugmyndinum hvernig ljósmyndir við vildum taka og hvernig við ætluðum að framkvæma myndatökuna. Allir hlutirnir sem voru notaðir við myndatöku og myndbandsupptökur komu úr einkaeigu. Þær ljósmyndir og myndbönd sem framleidd voru á þessu ári munu nýtast Plastlausum september á næstu árum.

### Hvar voru auglýsingar birtar í september?

Í lok ágúst voru settar út auglýsingar til að auglýsa opunarhátíðina. Send var út fjölmiðlatilkynning á helstu fjölmiðla landsins varðandi opunarhátíðina. Fjallað var um opunarhátíðina í kvöldfréttum RÚV og sendu þeir myndaupptökumann á opunarhátíðina.

Í september var stefnan að birta auglýsingar frá Plastlausum september á fjölbreyttum miðlum til að minna á átakið. Markmiðið var að tengja átakið við september mánuð og voru auglýsingar birtar reglulega í gegnum september mánuð. Reynt var að velja fjölbreytta miðla til að birta auglýsingar með því markmiði að ná til ólíkra hópa fólks. Þær færslur sem voru gerðar Facebook voru oft kostaðar (e. boost). Flestar kostnaðar færslurnar notuðum við myndir og/eða myndbönd sem Plastlaus september var búin að framleiða.

Birtir voru vefborðar á Vísir.is sem voru með tengil inn á heimasíðu Plastlaus septembers. Einnig var voru birtar auglýsingar í Helgarblaði DV og í Sambíóum birtust skjáauglýsingar. Keyptar voru tvær skjáauglýsingar í RÚV og birtist önnur þeirra á tímabilinu 28. – 31. ágúst og auglýsti opunargarhátíðina. Seinni skjáauglýsingin auglýsti Plastlausan september almennt og var birt á tímabilinu 2. – 7. september. Í viðauka nr. 1. má sjá þá umfjöllun sem Plastlaus september fékk í fjölmiðlum.

## Ghostlamp

Í júní var ákveðið að kaupa þjónustu af Ghostlamp, sem er fyrirtæki sem býður áhrifavöldum hvort það sé á snapchat eða instagram að kynna ákveðin fyrirtæki eða vörur og í tilfelli Plastlauss septembers þá varð það kynning á málefnum. Ákveðið var að kaupa þessa þjónustu í þeirri von að ná til fólks sem ef til vill Plastlaus september nær annars ekki til. Áhrifavalda fengu frjálsar hendur með verkefnið. Tíu áhrifavalda tóku verkefnið að sér og sýndu mismikið í september um átakið. Plastlaus september fékk notendareikning hjá Ghostlamp og þar inni er hægt að sjá afrekstur úr vinnu áhrifavaldana. Voru tveir stórir karlkyns áhrifavalda þeir Hjálmar Örn Jóhannsson og Pétur Örn Guðmundsson sem tóku þetta verkefni að sér, mikil ánægja var með það þar sem það var von okkar að þeir myndu ná til karlmanna á samfélagsmiðlum. Okkur hefur ekki gengið jafn vel að ná til karlmanna á samfélagsmiðlum eins og sjá má þegar skoðað er hverjir fylgja okkur á Facebook, Snapchat og Instagram. Áhrifavaldarnir notuðu mismunandi aðferðir með því að vekja athygli á málstaðnum. Sumir hvöttu fólk til að muna eftir fjölnota pokanum á meðan aðrir bentu á þá ógn sem jörðin stendur frammi fyrir gagnvart plastmengun. Einnig nýttu þeir tækifæri og bentu á opunarhátíðina sem var haldin 1. september. Einnig settu nokkrir þeir sé markmið að minnka plastnotkun í september og sýndu frá þeim breytingu sem þeir gerðu til minnka plastnotkun. Það er erfitt að mæla hver árangurinn var að kynningu áhrifavaldana á áttakinu. Áhrifavalda ná mögulega betur til hópa sem samtökin ná síður til, t.d. karlmanna, fólks af yngri kynslóðinni og þeirra sem hafa ekki látið sig varða um umhverfismál.

## Umfjallanir

Plastlaus september hlaut góða umfjöllun hjá sjónvarpsstöðinni Hringbraut. Fóru tvær úr hópnum í viðtal í umhverfispáttinn Súrefni þar sem var fjallað um opunarhátíðina og hvað Plastlaus september snýst um. Einnig auglýsti Hringbraut ókeypis opunarhátíðina. Svo í lok mánaðar fóru aftur tvær úr hópnum í viðtal á Hringbraut og fengu tækifæri til að kynna lokaviðburðinn í samvinnu við Pokastöðvarnar.

Útvarpsþátturinn *Samfélagið* er með upplýsta og gagnrýna umræðu um samfélagsmál og er vikulega á dagskrá Rás 2 höfðum við í Plastlausum september samband og óskuðum eftir umfjöllun sem tengdist Plastlausum september í þættinum. Úr varð að finna hjón sem tæku áskorinni að minnka plastnotkun og taka vikulega viðtal við þau um vegferð þeirra. Kolbrún Guðríður Haraldsdóttir í framkvæmdarhópnum sá um að finna hjón sem gætu hentað í þetta

verkefni. Vikulega mættu þessi hjón í þáttinn og fjölluðu um áskorarnar sem fylgdu með umhverfisvænni skrefum og lýstu reynslu og árangri sem þau væru að ná í þessari vegferð.

## Lokaorð

Þegar svona átaki er lokið er gott að líta til baka og skoða hvað tókst vel og hvað hefði mátt fara betur. Í framkvæmdarhópnum vorum við allar sammála um að opunarhátíðin 1. september hefði heppnast vel. Þar hefði almenningur haft tækifæri til að hljóta fræðslu, skoða plastlausar lausnir og hlusta á erindi frá fólki sem hefur látið umhverfismálin sig varða. Okkur fannst fólk almennt mjög jákvætt og áhugasamt á opunarhátíðinni. Við erum glaðar að geta stutt við önnur átök svo sem Loftslagsgönguna og Alheimshreinsunardaginn. En við hefðum viljað gera en betur þar eins og á Alheimshreinsunardeginum og skipulagt okkar eigin hreinsun. Við erum líka opnar fyrir því að vera í samstarfi við önnur samtök eða félög sem stuðla að því að draga úr mengun og stuðla að verndun náttúru.

Lokaviðburðurinn í samvinnu við Pokastöðvar var skemmtilegur og frumlegur að okkar mati þótt margir hefðu ekki mætt. Mögulegar ástæður fyrir því er að viðburðurinn var auglýstur heldur seint og haldinn í Grafarvogi sem er ekki í alfarar leið. Við stefnum því að enn betra skipulagi árið 2019 og vera komnar með fyrirfram ákveðna dagskrá í lok ágúst sem verði svo auglýst í gegnum allan september. Það er greinilega mikil eftirspurn eftir fræðslu varðandi umhverfismál frá skólum og erum við ánægðar með að skólarnir láti til sín taka í þessum málaflokki.

Okkur í Plastlausum september langar að þakka þeim fjölmörgum fyrirtækjum og stofnunum sem styrktu okkur árið 2018. Án þessara styrkja hefði róðurinn til að gera átakið sýnilegt orðið töluvert þyngri. Einnig viljum við þakka öllum þeim sem tóku þátt í áttakinu með okkur með beinum eða óbeinum hætti. Þetta er allt fólkið sem flutti erindi á opunarhátíðinni og tók að sér að halda úti Snapchat reikningum í einn dag. Betur má gera ef duga skal og er það von okkar Plastlaus september sé komin til að vera í nánustu framtíð. Það er okkar að von að Plastlaus september stuðli að minni neyslu og vekji fólk til umhugsunar að velja umhverfisvæna kosti þegar það þarf að kaupa hluti. Nú er komin nóvember þegar þessi greinagerð er skrifuð og hafa loftlagsmál sjaldan verið eins áberandi í umræðunni. Við teljum framtíðina vera bjarta þar sem vitundarvakning hefur átt sér stað á undanförunum misserum varðandi loftlagsmál.

## Viðauki 1 – Fjölmiðlaumfjöllun

**21. ágúst 2018** Morgunblaðið Viðtal við Elsu Þóreyju Einsteinsdóttur

**23. ágúst 2018** – Áttavitinn – grein um hvernig hægt að minnka plastnotkun.

<https://attavitinn.is/samfelagid/plast-hvernig-og-afhverju-ad-minnka-notkun-thess/>

**26. ágúst 2018** - Morgunblaðið – Viðtal við Kolbrúnu Guðríði Haraldsdóttur

[https://www.mbl.is/greinasafn/innskraning/?redirect=%2Fgreinasafn%2Fgrein%2F1695227%2F%3Fitem\\_num%3D175%26dags%3D2018-08-25%26t%3D362580775&page\\_name=article&grein\\_id=1695227](https://www.mbl.is/greinasafn/innskraning/?redirect=%2Fgreinasafn%2Fgrein%2F1695227%2F%3Fitem_num%3D175%26dags%3D2018-08-25%26t%3D362580775&page_name=article&grein_id=1695227)

**27. ágúst 2018** RÁS 2 Morgunútlarp – Viðtal við Jóhönnu Gísladóttur

<http://www.ruv.is/spila/klippa/plastlaus-september-johanna-gisladottir>

**28. ágúst 2018** Rúv núllið- Viðtal við Elsu Þóreyju Eysteinsdóttur

<http://www.ruv.is/frett/hvernig-getur-thu-minnkad-plastnotkun>

**30. ágúst 2018** Guide to Iceland – Viðtal við Elsu Þóreyju Eysteinsdóttur

<https://now.guidetoiceland.is/2018/08/30/news/plastic-free-september-at-reykjavik-city-hall/>

**31. ágúst 2018** -Morgunblaðið – Viðtal við Jóhönnu Gísladóttur

<https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/08/31/plastlaus-september-ekki-alveg-plastlaus/>

**31. ágúst** Kiss FM – Útlarpviðtal við Þórdísi Þórhallsdóttur

**1. september** – Fréttablaðið – Viðtal við Jóhönnu Gísladóttur

<http://www.visir.is/paper/fbl/180901.pdf>

**3. september 2018** – Hringbraut þátturinn Súrefni – Viðtal við Heiði Magnýju Herbertsdóttur og Kolbrúnu Guðríði Haraldsdóttur.

<http://www.hringbraut.is/sjonvarp/taettir/surefni/surefni-umhverfisthatur-3sept-2018>

**4. september** – Arion Banki – Grein um Plastlausan september

<https://www.arionbanki.is/bankinn/fleira/frettir/frett/2018/09/04/Verum-plastlaus-i-september/>

**5. september** – Morgunblaðið – Umfjöllun um ljósmyndasamkeppnina #betraloftslag

<https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/09/05/hundrad-myndir-safnast-i-betraloftslag/>

**5. september** – Fréttablaðið - Grein eftir Guðmund Inga Guðbrandsson Umhverfis- og

auðlindiráðherra <https://www.frettabladid.is/skodun/berjumst-saman-gegn-einnota-plasti>

**5. september** – Rás 2 – KrakkaRúv Alheimurinn – Þórdís Þórhallsdóttur í viðtali.

<http://www.ruv.is/utvarp/spila/utvarp-krakkaruv/25616?ep=7k9ccp>

**5. september** – Rás 2 – Samfélagið - Viðtal við Hrund Sigurhansdóttur og Sævar Hilmarsson sem taka þátt í Plastlausum september (byrjar á 41:30 mínútu)

<http://www.ruv.is/utvarp/spila/samfelagid/23617?ep=7hl527>

**6. september** – Umhverfis- og auðlindaráðherra ræðir um Plastlausan september á K100

<https://k100.mbl.is/frettir/2018/09/06/plastlaus-september/>

**6. september** – Morgunblaðið – Umfjöllun um Plastlausu fjölskyldu á Eskifirði

<https://www.mbl.is/born/frettir/2018/09/06/plastlausa-fjolskyldan-a-eskifirdi/>

- 7. september** – Bleikt.is - Umfjöllun um ljósmyndasamkeppnina #betraloftslag  
<http://bleikt.dv.is/bleikt/2018/09/07/ljosmyndasamkeppni-med-tillogum-ad-thvi-hvernig-folk-getur-lagt-hond-plog-ad-betra-loftslagi/>
- 7. september** – Fréttablaðið - “Plastlaus september: Að minnka einnota plastnotkun”  
<https://www.frettabladid.is/frettir/plastlaus-september-t-a-minnka-einnota-plastnotkun>
- 9. september** – Stöð 2 – Kvöldfréttir. Frétt um kartöflubændur á Suðurlandi sem hættu notkun plastumbúða og plastlaus september nefndur
- 10. september** – Bylgjan FM98.9 – Reykjavík síðdegis. Pétur Halldórsson frá Ungum umhverfissinum ræðir um örplast í Reykjavík.  
<http://www.visir.is/k/27aa737f-7ef3-472a-b459-c8fdee7c32f2-1536339788058>
- 11. september** – Fréttablaðið – Grein um plasthreinsun  
<https://www.frettabladid.is/frettir/hreinsar-plast-vid-strendur-islands-a-kajak>
- 12. september** – Rás 2 – Samfélagið - Viðtal við Hrund Sigurhansdóttur og Sævar Hilmarsson sem taka þátt í Plastlausum september (byrjar á 50:40 mínútu)  
<http://www.ruv.is/utvarp/spila/samfelagid/23617?ep=7hl52c>
- 19. september** – Rás 2 – Samfélagið Viðtal við Hrund Sigurhansdóttur og Sævar Hilmarsson sem taka þátt í Plastlausum september (byrjar á 46:40 mínútu)  
<http://www.ruv.is/utvarp/spila/samfelagid/23617?ep=7hl52h>
- 20. september** – Guide to Iceland – grein um Plastlausan september  
<https://now.guidetoiceland.is/2018/09/20/news/plastic-free-september-in-full-force-as-plastic-bag-sales-decrease/amp/>
- 25. september** – Guide to Iceland  
<https://now.guidetoiceland.is/2018/09/25/news/environment-agency-aims-to-slash-plastic-use/amp/>
- 26. september** – Skessuhorn - aðsend grein Karen Jónsdóttir  
<https://skessuhorn.is/adsendar-greinar/plastlaus-september-hvad-er-nu-thad/>
- 26. september** – Rás 2 – Samfélagið - Viðtal við Hrund Sigurhansdóttur og Sævar Hilmarsson sem taka þátt í Plastlausum september (byrjar á 39:45 mínútu)  
<http://www.ruv.is/utvarp/spila/samfelagid/23617?ep=7hl52m>
- 27. september** – Hringbraut - Viðtal við Kolbrúnu Guðríði Haraldsdóttur og Kristínu Ingu Arnarsdóttur  
<http://www.hringbraut.is/sjonvarp/klippur/21plastlausum-september-ad-ljuka/>
- 29. september** - DV – umfjöllun um lokaviðburð.  
<http://www.dv.is/lifsstill/2018/09/29/plastlaus-september-og-hvad-tekur-svo-vid-lokavidburdur-dag/>

**September** - Nettó - Heilsu og lífstílsblað. Gunnar Egill Sigurðsson framkvæmdarstjóri versluna Samkaupa fjallar um Plastlausan september.

[https://issuu.com/ingvilogason/docs/netto\\_-\\_heilsu\\_blaed\\_klingur\\_sept\\_2018](https://issuu.com/ingvilogason/docs/netto_-_heilsu_blaed_klingur_sept_2018)

## Viðauki 2 – Fyrirtæki sem tóku þátt í Plastlausum september

- Farvi - selur plastlausu margnota pokana sína.
- Rauði krossinn - selur enga plastpoka í september, bendir á margnota og býður bréfpoka til kaups.
- Á vefsíðu World Class kemur fram að þeir taki þátt í plastlausum september og hafi skipt út öllum plastumbúðum fyrir umbúðir úr sykurreyr.
- Melabúðin, bauð ekki upp á plastpoka í september, hvorki burðarpoka né grænmetispoka.



## Viðauki 3 – Dagskrá snapchat

### Ágúst

30 Heiður Magný Herbertsdóttir (Plastlaus september)

31 Heiður Magný Herbertsdóttir (Plastlaus september)

### September

1 Heiður Magný Herbertsdóttir (Plastlaus september)

2 Heiður Magný Herbertsdóttir (Plastlaus september)

3 Heiður Magný Herbertsdóttir (Plastlaus september)

4 Þórdís Þórhallsdóttir (Plastlaus september)

5 Jóhanna Gísladóttir (Plastlaus september)

6 Kolbrún G. Haraldsdóttir (Plastlaus september)

7 Kolbrún G. Haraldsdóttir (Plastlaus september)

8 Tinna Þorvalds Önnudóttir (leikkona)

9 Guðný Kristín Bjarnadóttir (Plastlaus september)

10 Kolbrún G. Haraldsdóttir (Plastlaus september)

11 Heiður Magný Herbertsdóttir (Plastlaus september)

12 Birta Líf Kristinsdóttir (Veðurstofa Íslands)

13 Heiður Magný Herbertsdóttir (Plastlaus september)

14 Rakel Rán Sigurbjörnsdóttir (Plastlaus september)

15 Rakel Garðarsdóttir (Vakandi)

16 Elsa Þórey Eysteinsdóttir (Plastlaus september)

17 Ebba Guðný Guðmundsdóttir (kennari og kokkur)

18 Erla G. Helgadóttir (Samtök ungra umhverfissinna)

19 Sævar Helgi Bragason (Stjörnu Sævar)

20 Kristín Inga Arnadóttir (Plastlaus september)

21 Eyrún Pétursdóttir (Verkís)

22 Jóhanna Gísladóttir (Plastlaus september)

23 Rakel Rán Sigurbjörnsdóttir (Plastlaus september)

24 Ævar Þór Benediktsson (Ævar vísindamaður)

25 Þóra Þorgeirsd. (Minna sorp- lærdómsferli fjölsk.)

26 Þorbjörg Sandra Bakke (HÍ)

27 Thelma Jónsdóttir (Rauða kross búðin)

28 Rannveig Magnúsdóttir (Landvernd)

29 Heiður Magný Herbertsdóttir (Plastlaus september)

30 Jón Þór Guðjohnsen (Síminn)

## Viðauki 4 – Styrktaraðilar árið 2018

Arion banki  
Garðabær  
Hafnarfjörður  
Reykjanesbær  
Reykjavíkurborg  
Sendinefnd ESB á Íslandi.  
Umhverfis og auðlindaráðuneytið